

Réttindaráð Unicef. Miðvikudagur 15. september 2021

Fundargerð 4.-6. bekkja

Mættir: Mæja kennari, Elísa, William, Hákon, Vaka, Pétur, Kristín Edda og Arngrímur

Efni fundar: Við fórum yfir aðgerðaráætlun frá síðasta vetri og rifjuðum upp hvað það er að vera Unicefskóli. Við töluðum um vetrarstarfið framundan og minntumst á heimsmarkmiðin og réttindi barna í heiminum og hér í Snælandsskóla. Við höfðum síðan hugstormun um hvernig hægt er að gera Snælandsskóla „sýnilegan Unicefskóla“. Margar frjóar hugmyndir og skemmtilegar komu fram. Ráðið ætlar að halda áfram með þá hugmynd og hugsa málin fram að næsta fundi og jafnvel þróa og prófa sínar hugmyndir á ípadinn. Við skoðuðum síðan stigaganginn á miðstiginu þar sem hægt væri að setja upp falleg veggspjöld og öllum leist vel á það. Allir fundarmeðlimir höfðu eitthvað til málanna að leggja. Mæja tók að sér að tala við innanhússhönnuði skólans um nánari útfærslu. Veitingarnar frá Viðari voru góðar að venju og allir voru saddir og sælir þegar góðum fundi var slitið.

María Gunnarsdóttir fundarritari.